

## Ályktun stjórnar BSRB vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu – 08.10.10

Stjórn BSRB varar við þeim gríðarlega niðurskurði sem áætlaður er í heilbrigðiskerfinu. Um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða sem gætu stofnað öryggi íbúa á viðkomandi landsvæðum í hættu. Þá er ljóst að þjónustan mun skerðast til muna við þessar aðgerðir og hafa áhrif á daglegt líf íbúanna. Enduskipulagning í heilbrigðiskerfinu má ekki vera svo harkaleg að hún vegi að rötum þess velferðarkerfis sem við búum við.

Að auka á atvinnuleysið er ekki boðleg leið úr þeirri kreppu sem samfélagið nú upplifir. Möguleikar þeirra sem missa vinnuna á þessum svæðum til að fá aðra vinnu eru mjög takmarkaðir. Ríkisstjórnin á frekar að vinna að því að fækka atvinnulausum en fjölga.

Þá er ámælisvert að ríkisstjórnin skuli skera niður hefðbundin kvennastörf. Mikil hættu er á að umönnunarstörfin flytjist inn á heimilin og verði þar ólaunuð, því ekki hverfur þörfin fyrir umönnun. Vandséð er að ríkisstjórnin hafi við þessar ákvarðanir fylgt þeirri kynjuðu hagstjórn sem hún hefur boðað.

Stjórn BSRB hvetur ráðherra heilbrigðis- og félagsmála, sem og fjármála, til að endurskoða þessar tillögur. Velferðarkerfið er dýrmæt sameign þjóðarinnar og það má ekki vinna óbætanlegan skaða á því.